

Mál nr. 151/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar Vegagerðarinnar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á bifreið af völdum holu í vegi.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 8.8.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 13.8.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Síðdegis þann 24.3.2008 ók M bifreið sinni A eftir Reykjanesbraut austan við hús fyrirtækisins Kaffitárs. Við brú, sem þar var verið að byggja, var A ekið ofan í holu í vegkantinum. M kvað holuna hafa verið töluvert djúpa. Við atvikið munu hjólbarðar og felgur hægra megin á A hafa eyðilagst.

Í tilkynningu Vegagerðarinnar um atvikið kemur fram að þarna sé vegurinn merktur sem vinnusvæði með hraðamerkingum 50 og 70 km á klst. og merkingarnar hafi verið í 6-8 mánuði. Af hálfu Vegagerðarinnar hafi ekki verið vitað um þær aðstæður er ollu tjóninu.

M hefur krafist bóta fyrir það tjón sem varð á A úr ábyrgðartryggingu Vegagerðarinnar hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 56. gr. vegalaga nr. 80/2007 ber veghaldari vegar sem er opinn almenningi til frjálstrar umferðar ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að veghaldari hafi sýnt af sér eðlilega varkárni. Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins um holu þá sem A var ekið í né um það hversu lengi hún hafði verið í veginum. Ekki verður hjá því komist að miða við að fyrirsvarsmenn Vegagerðarinnar hafi ekki vitað um holuna er óhappið varð. Að þessu virtu hefur ekki stofnast bótaskylda af hálfu Vegagerðarinnar gagnvart M. Tjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu Vegagerðarinnar hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M vegna skemmda á A bætist ekki úr ábyrgðartryggingu Vegagerðarinnar hjá X.

Reykjavík, 9. september 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.